**371. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 9. apríl 2025 kl. 16:00.**

**Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson.**
**Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Elsa Nielsen, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson.**
**Forföll: Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Garðar Svansson, Daníel Jakobsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.**

**Dagskrá:**
Forseti setti fundinn og stýrði honum.

Á fundinn voru mættir fulltrúar frá PWC, endurskoðendum ÍSÍ, þær Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir og Aðalbjörg Elín Halldórsdóttir. Eins komu Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSÍ og Steinunn Anna Í. Tómasdóttir gjaldkeri inn á fundinn fyrir umfjöllunina um ársreikning ÍSÍ.

## 1. Ársreikningur ÍSÍ 2024

*Ársreikningur ÍSÍ*
Andri Stefánsson framkvæmdastjóri kynnti og skýrði skýrslu stjórnar um ársreikning ÍSÍ fyrir árið 2024, í fjarveru Harðar Þorsteinssonar gjaldkera.
Reikningurinn hefur verið skoðaður af kjörnum skoðunarmönnum ÍSÍ, þeim Sigríði Ármannsdóttur og Jóni Þorkelssyni.
Nokkrar breytingar voru gerðar á framsetningu á milli ára, samkvæmt beiðni endurskoðenda. Tap er af rekstri ÍSÍ árið 2024, allur rekstrarkostnaður hefur hækkað og Ólympíuleikarnir skiluðu neikvæðri niðurstöðu. Hins vegar er niðurstaða heildarinnar jákvæð sem stafar af vaxtatekjum af framlagi til svæðisstöðva íþróttahéraða og vegna Viðhalds- og byggingarsjóðs.

*Skýrsla endurskoðenda*
Sara Henný flutti skýrslu endurskoðenda ÍSÍ og fór yfir áherslur. Áritun þeirra er athugasemdalaus.
Hún þakkaði stjórnendum og starfsfólki fyrir mjög gott samstarf við endurskoðunina.

Ársreikningur ÍSÍ fyrir árið 2024 var borinn upp til afgreiðslu framkvæmdastjórnar og samþykktur samhljóða.
Forseti þakkaði þeim Söru Hennýju, Aðalbjörgu Elínu og PWC ásamt starfsfólki ÍSÍ fyrir góð störf við geðr ársreikningsins og endurskoðun hans.

Sara Henný, Aðalbjörg Elín, Kári Steinn og Steinunn Anna véku af fundi.

## 2. Aðalfundur Íslenskrar getspár

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn 28. apríl nk. á Hótel Hilton Nordica.
Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ í stjórn Getspár næsta kjörtímabil verði:

Aðalmenn:  Lárus L. Blöndal og Olga Bjarnadóttir.
Varamenn:  Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Andri Stefánsson.

Samþykkt að fulltrúar á aðalfundi Getspár verði:  Lárus L. Blöndal, Olga Bjarnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Hörður Þorsteinsson og Andri Stefánsson.
Hafsteinn Pálsson verður fundarstjóri á fundinum.

## 3. Íþróttaþing ÍSÍ

Farið yfir helstu verkefni í undirbúningi fyrir þingið.

## 4. Önnur mál

*STEF*
Viðar Garðarsson óskaði eftir upplýsingum um stöðu mála gagnvart STEF.
Framkvæmdastjóri upplýsti að viðræður væru enn í gangi við STEF. Boltinn er hjá STEF í augnablikinu.

*Hóf Íþróttamanns ársins*
Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Hjördís Guðmundsdóttir vísuðu til umræða í framkvæmdastjórn fyrr á árinu um framtíð hófs Íþróttamanns ársins og fyrirkomulag kjörs Íþróttamanns ársins og óskuðu eftir upplýsingum um stöðu mála.
Framkvæmdastjóri upplýsti að vegna anna hefði ekki enn náðst að vinna í málinu og funda með Samtökum íþróttafréttamanna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.